

Aðalfundur UT-kvenna 2009

19. maí 2009 – Háskólanum í Reykjavík

Fundur var settur kl. 20:00. Mættar voru 5 stjórnarkonur og 6 aðrar félagskonur.

1. Þóra Halldórsdóttir formaður bauð fundargesti velkomna og tilnefndi Steinunni M. Sigurbjörnsdóttur ritara.
2. Þóra kynnti því næst skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2008-2009. Þá sagði hún frá kynningar-myndbandinu sem UT-konur hafa unnið að í vetur og sagði frá fræðslupakka sem sendur hefur verið á alla grunn- og framhaldsskóla landsins. Fræðslupakkinn inniheldur DVD disk með kynningar-myndbandinu ásamt prentuðu efni með upplýsingum um nám í upplýsingatækni ofl.
3. Stjórnarkonur sögðu frá heimsóknum sínum með myndbandið í framhaldsskólana á höfuðborgarsvæðinu og suðurlandi undanfarið. Einnig sköpuðust umræður um hvernig kynna mætti fagið enn frekar fyrir stelpum. Hugmynd kom upp um að fá fyrirtæki í upplýsingatækni til að bjóða stelpum í starfskynningar.
4. Næst voru kosningar í stjórn félagsins. Úr stjórn gengu Þóra Halldórsdóttir formaður, Sigríður M. Björgvinsdóttir og Hrönn Þormóðsdóttir. Marta Lárusdóttir gaf kost á sér sem formaður og var kjörin sem slík, jafnframt gáfu Dísá Anderiman og Steinunn M. Sigurbjörnsdóttir kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Auk þeirra voru kosnar í stjórn þær Ása Björk Stefánsdóttir og María Hlín Steingrímsdóttir og sem varamenn voru kjörnar þær Monica Roismann og Hrefna Gunnarsdóttir
5. Að lokum var kynningar-myndbandið sýnt.

Að loknum aðalfundarstörfum komu þau Guðný Halldórsdóttir leikstjóri og Halldór Þorgeirsson kvikmyndaframleiðandi og kynntu fundargestum notkun hugbúnaðar í kvikmyndagerð. Afar áhugaverður fyrirlestur sem vakti mikinn áhuga hjá fundargestum.